



ÁRSSKÝRSLA 2004



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA



ÁRSSKÝRSLA 2004



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Stjórn	5
Starfsmenn	6
Iðgjöld	7
Lífeyrir	8
Ávöxtun	9
Breytingar á samþykktum	10
Tryggingafræðileg staða	11
Trúnaðarlæknir	11
Séreignardeild	12
Fjárfestingar	14
Verðbréfaeign	15
Innlend hlutabréf	16
Erlend verðbréf	17
Lán til sjóðfélaga	18
Lánareglur	19
Fjárfestingastefna	20
Ársfundur	22

Ársreikningur

Áritun endurskoðenda	25
Skýrsla um starfsemi sjóðsins	26
Áritun stjórnar og forstjóra	27
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	28
Efnahagsreikningur	29
Sjóðstreymi	30
Skýringar	31
Kennitölur	38
Deildarskipt yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	40
Deildarskiptur efnahagsreikningur	41
Deildarskipt yfirlit um sjóðstreymi	42

Annual Report

Auditors' Report	45
Report of the Board of Directors	46
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	48
Balance Sheet	49
Statement of Cash Flows	50
Financial Indicators	51

Ávarp stjórnarformanns

Heildareignir sjóðsins námu 150,7 milljörðum í árslok 2004 og hækkuðu um 27 milljarða á árinu eða um 22%. Ávöxtun á árinu 2004 var 16,4% sem samsvarar 12,1% raunávöxtun sem er sama raunávöxtun og á árinu 2003. Síðustu tvö ár eru því bestu rekstrarárin í tæplega 50 ára sögu sjóðsins.

Á síðasta ári komu fram nýjar töflur um dánarlíkur árána 2001 til og með 2003 sem sýna vaxandi ævilengd í samanburði við reynslu síðasta áratugar og að ennfremur voru gerðar nýjar töflur sem byggja á íslenski reynslu um örorkulíkur sem sýna þyngri örorkubyrði en talið var.

Af þessum ástæðum voru gerðar breytingar á réttindaávinnslu lífeyrissjóðsins þannig að stuðull til útreiknings elli- og örorkulífeyris færðist úr 1,65 í 1,50 frá síðustu áramótum. Til að mæta lækun stuðulsins kemur viðbótariðgjaldið sem nemur einu prósentustigi sem samið var um í síðustu kjarasamningum og verða því áhrif á framtíðarréttindi engin. Þannig ávinna sjóðfélagar sér hliðstæð réttindi nú fyrir 11% iðgjald og áður fyrir 10%. Til samræmis var stuðull til útreiknings makalífeyris færður úr 1,0 í 0,9. Samhliða þessum breytingum voru áunnin stig sjóðfélaganna hækkuð um 7% til þess að mæta að stærstum hluta lækun stuðuls til útreiknings elli- og örorkulífeyris. Því lækkuðu áunnin réttindi um 2,7% en hafa verður í huga að þau voru aukin um 11,8% um mitt ár 1997 þannig að réttindaaukningin frá þeim tíma heldur sér að mestu. Réttindi þeirra sem eru á lífeyri við gildistöku breytinganna héldust óbreytt þ.e. lífeyrir breyttist ekki.

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2004 nema heildarskuldbindingar 5,9% umfram eignir. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar nema 16,9% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Í athuguninni er stuðst við fyrrgreindar breytingar sem gerðar voru á réttindaávinnslu sjóðsins.

Mikilvægt er að standa áfram við stóru samtryggingarlorforðin sem gefin voru fyrir 40 til 50 árum um að tryggja ævilangan ellilífeyri og að þeir sem missa starfsorku fái örorkulífeyri. Frá árinu 1986 hefur örorkulífeyrisþegum sjóðsins fjölgað nífalt og eru þeir nú rúmlega 1700 talsins. Félagsleg örorka er vaxandi þáttur í örorkugreiðslum lífeyrissjóðanna og eru tengsl á milli atvinnuleysis og örorku. Hluti af vandanum er síðan þjóðfélagsleg örorka, þ.e. úrræðaleysi þjóðfélagsins til að hjálpa fólki í tímabundnum erfiðleikum.

Fjalla þarf um þessi mál af vandvirkni og gætni en horfast verður í augu við að sívaxandi örorka og lengri ævi verður ekki borin uppi af 11% iðgjaldi. Viðtæk umræða þarf að eiga sér stað um örorkmálin á öðrum vettvangi en eingöngu hjá lífeyrissjóðunum, því ef þróun örorkulífeyris heldur áfram með sama hraða og á síðustu 20 árum þá leiðir það til þess að ellilífeyrisloforð lífeyrissjóðanna láta undan.

Fyrrgreindar breytingar á töflum um ævilengd og örorkulíkur kalla jafnframt á aukna hagræðingu í rekstri lífeyriskerfisins. Þeirra áhrifa gætir þegar með viðræðum um samruna milli ýmissa lífeyrissjóða. Ekki er ólíklegt að sjóðurinn verði áfram virkur þátttakandi í hagræðingarferlinu, en á síðasta áratug hafa fjórir lífeyrissjóðir sameinast Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Fyrir hönd stjórnar lífeyrissjóðsins flyt ég starfsmönnum hans og sjóðfélögum þakkar fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Víglundur Þorsteinsson
stjórnarformaður

Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru tilnefndir af stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og fjórir tilnefndir af þeim samtökum atvinnurekenda sem að sjóðnum standa en þau eru: Kaupmannasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Félag íslenskra stórkaupmanna og Verzlunarráð Íslands. Eftirtaldir voru tilnefndir í stjórn sjóðsins frá 1. mars 2004 til 28. febrúar 2007:

Víglundur Þorsteinsson formaður
Gunnar Páll Pálsson varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Benedikt Vilhjálmsson
Birgir R. Jónsson
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Tryggvi Jónsson

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum samþykktá hans undirritaðri af þeim samtökum sem að sjóðnum standa og staðfestri af fjármálaráðuneytinu. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru breytingar á samþykktum, lánareglur, mótun fjárfestinga- og hluthafastefnu, fjárhagsáætlanir og kynningarmál.

Á liðnu ári kom stjórnin 21 sinni saman til fundar og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 952 stjórnarfundir.



Stjórn ásamt forstjóra

Standandi frá vinstri Þorgeir Eyjólfsson forstjóri, Birgir R. Jónsson, Benedikt Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson og Tryggvi Jónsson.

Sitjandi frá vinstri Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Gunnar Páll Pálsson varaformaður, Víglundur Þorsteinsson formaður og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir.

Starfsmenn



Hjá sjóðnum starfa 27 starfsmenn, þar af 1 í hlutastarfi. Stöðugildi á árinu 2004 voru 26,6 samanborið við 26,5 á árinu 2003. Starfsmenn sjóðsins hafa víðtæka þekkingu og reynslu og er meðalaldur þeirra um 42 ár. Starfsmannavelta er lítil sem sjá má á því að starfsmenn hafa að meðaltali starfað hjá sjóðnum í um 9 ár.

Rekstrarkostnaður nam 156 milljónum á liðnu ári. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 103 milljónum eða 1,25% í hlutfalli af iðgjöldum og 0,077% af eignum í samanburði við 0,079% af eignum árið 2003.

Áftari röð frá vinstri	Starfssvið	Ráðningarár
Sigurlaug A. Jóhannsdóttir	netskil	2005
Margrét Elsa Sigurðardóttir	bókhald	2004
Bjarnfríður Elín Karlsdóttir	upplýsingar, skráning	1999
Margrét Kristinsdóttir	deildarstjóri lífeyrisdeildar	1995
Valgarður Sverrisson	skrifstofustjóri	1986
Alda Sif Jóhannsdóttir	innheimta iðgjalda	1988
Pór Egilsson	deildarstjóri séreignardeildar	1998
Elísabet Erla Dungal	innheimta iðgjalda	2000
Helga Árnadóttir	innheimta iðgjalda	2001
Guðmundur Þór Þórhallsson	forstöðumaður verðbréfaviðskipta	1997
Kristín Stefánsdóttir	deildarstjóri lánadeildar	1988
Hildur Camilla Guðmundsdóttir	lánbeiðnir sjóðfélaga	2001
Haraldur Arason	deildarstjóri tölvudeildar	1986
Hólmfríður Ólafsdóttir	gjaldkeri	1990
Þorgeir Eyjólfsson	forstjóri	1978

Fremri röð frá vinstri

Ásta Björk Long	upplýsingar, skráning	2000
Regína Jónsdóttir	upplýsingar lánadeild	2000
Guðrún Rakel Viðarsdóttir	sími, upplýsingar	2002
Guðlaug S. Ólafsdóttir	skjalavarsla, kaffistofa	2002
Puríður Kristín Heiðarsdóttir	lífeyrismál, ritari forstjóra	1990
Ragnheiður Valtýsdóttir	innheimtustjóri	1969
Ragnhildur Heiðberg	innheimta lána	1991
Sólveig Arnþrúður Skúladóttir	upplýsingar lánadeild	1998

Á myndina vantar

Brynja Hauksdóttir	lánbeiðnir sjóðfélaga	1998
Gunnlaugur Briem	verðbréfaviðskipti	2002
Jón Gunnar Guðjónsson	tölvumál	2002
Kristín Gísladóttir	lánbeiðnir sjóðfélaga	2004

Iðgjöld

Launþegar á aldrinum 16 til 70 ára greiða 4% iðgjald af heildarlaunum sínum til sjóðsins og launagreiðendur greiða 7% mótframlag frá 1. janúar 2005 samkvæmt kjarasamningi VR og LÍV við Samtök atvinnulífsins og FÍS. Sjálfstæðir atvinnurekendur greiða bæði hluta launþega og launagreiðanda.

Eftir því sem iðgjald til lífeyrissjóðsins er hærra verða lífeyrisgreiðslurnar hærri. Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri hættir hann að greiða iðgjald, enda aflar hann sér ekki frekari lífeyrisréttinda eftir þann tíma.

Aldursskipting sjóðfélaga

Á meðfylgjandi töflum má sjá aldursskiptingu greiðandi sjóðfélaga en um 45% þeirra er undir 30 ára aldri og er meðalaldur einungis 34 ár.

Aldursskipting sjóðfélaga

Aldur	Hlutfall %
16 – 19	13,0
20 – 29	32,0
30 – 39	21,9
40 – 49	17,1
50 – 59	11,2
60 – 69	4,8


Iðgjöld og fjöldi greiðenda

Iðgjöld til sameignardeildar námu 8.959 milljónum sem er aukning um 8,6% frá árinu 2003. Greidd voru iðgjöld vegna 44.577 sjóðfélaga og fjölgaði þeim um 5,9% milli ára. Fjöldi sjóðfélaga sem greiddi að meðaltali í hverjum mánuði var 28.589 og fjölgaði þeim um 4,6%. Alls greiddu 6.601 launagreiðandi iðgjöld vegna starfsmanna sinna og fjölgaði þeim um 5,4% milli ára.

Iðgjöld og fjöldi greiðenda


	2004	2003	Breyting %
Iðgjöld í milljónum	8.959	8.248	8,6
Heildarfjöldi sjóðfélaga	44.577	42.074	5,9
Meðalfjöldi sjóðfélaga	28.589	27.332	4,6
Fjöldi launagreiðenda	6.601	6.261	5,4

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga



Iðgjöld

í milljónum króna



Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur námu 2.625 milljónum og hækkuðu um 12,4% milli ára. Fjöldi lífeyrisþega í árslok var 6.990 og fjölgaði þeim um 9,0%.

Á liðnu ári hófu 375 sjóðfélagar töku ellilífeyris og þar af voru 197 eða 53% sem hófu töku við 67 ára aldur. Lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum nam 31,7% á árinu 2004 samanborið við 30,8% árið áður. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka breytingum vísitölu neysluverðs.

Þróun fjölda lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslna

Lífeyrisþegum hefur að meðaltali fjölgað um 9,7% á ári undanfarin 10 ár. Á sama tíma hafa lífeyrisgreiðslurnar á verðlagi í dag hækkað að meðaltali um 10,9% á ári.

Á liðnum 10 árum hefur hlutfall ellilífeyris aukist úr 54% í 60% af heildarlífeyrisgreiðslum en hlutfall makalífeyris lækkað úr 17% í 11%.

Fjöldi lífeyrisþega

	2004	2003	Breyting %
Ellilífeyrir	3.711	3.457	7,3
Örorkulífeyrir	1.745	1.503	16,1
Makalífeyrir	999	969	3,1
Barnalífeyrir	535	484	10,5
Samtals	6.990	6.413	9,0

Lífeyrisgreiðslur


í milljónum kr.

	2004	2003	Breyting %
Ellilífeyrir	1.565	1.405	11,4
Örorkulífeyrir	713	611	16,7
Makalífeyrir	276	258	7,0
Barnalífeyrir	71	62	14,5
Samtals	2.625	2.336	12,4

Skipting lífeyrisgreiðslna


	2004	2003
Ellilífeyrir	59,6%	60,2%
Örorkulífeyrir	27,2%	26,2%
Makalífeyrir	10,5%	11,0%
Barnalífeyrir	2,7%	2,6%

Fjöldi lífeyrisþega



Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna



Ávöxtun

Ávöxtun á árinu 2004 var 16,4% sem samsvarar 12,1% raunávöxtun sem er sama raunávöxtun og á árinu 2003. Síðustu tvö ár eru því bestu rekstrarárin í tæplega 50 ára sögu sjóðsins. Hrein ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum var 16,3% sem samsvarar 12,0% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 4,1% og síðustu 10 ára 6,4%.

Í neðangreindri töflu yfir ávöxtun sjóðsins undanfarin fimm ár, má sjá að ávöxtun hefur verið sveiflukennd en það skýrist aðallega af verðsveiflum á innlendum hlutabréfum ásamt gjaldmiðla- og verðsveiflum vegna erlendu verðbréfanna.

Ávöxtun

	2004	2003	2002	2001	2000
Hrein raunávöxtun	12,0%	12,0%	-2,8%	-0,8%	1,1%
5 ára meðalávöxtun	4,1%	4,1%	3,2%	5,9%	7,6%
10 ára meðalávöxtun	6,4%	5,9%	5,4%	6,3%	7,1%

Ávöxtun eftir verðbréfaflokkum

Innlend skuldabréf

Raunávöxtun var 7,8% á árinu 2004 samanborið við 6,7% árið 2003.


Innlend hlutabréf

Besta ávöxtun eignaflokka sýndu innlendu hlutabréfin en nafnávöxtun þeirra var 79,1% á árinu og raunávöxtun 72,5%. Til samanburðar hækkaði Úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 58,9% á árinu 2004. Uppsöfnuð umframávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar síðustu 8 árin samanborið við Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar er 79,6%. Þá er árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar 17,9% undanfarin 25 ár.

Erlend verðbréf


Ávöxtun erlendu verðbréfanna í dollurum var 13,4% en á móti styrktist íslenska krónan á árinu gagnvart USD um 14,0%.

Hrein raunávöxtun



Hrein eign til greiðslu lífeyris

í milljónum króna



Breytingar á samþykktum

Á árinu 2004 komu fram nýjar töflur um dánarlíkur árána 2001 til og með 2003 sem sýna vaxandi ævilengd í samanburði við reynslu síðasta áratugar og að ennfremur voru gerðar nýjar töflur sem byggja á íslenskrí reynslu um örorkulíkur sem sýna þyngri örorkubyrði en talið var.

Af þessum ástæðum voru gerðar breytingar á réttindaávinnslu lífeyrissjóðsins þannig að stuðull til útreiknings elli- og örorkulífeyris færðist úr 1,65 í 1,50 frá síðustu áramótum. Til að mæta lækkun stuðulsins kemur viðbótariðgjaldið sem nemur einu prósentustigi sem samið var um í síðustu kjarasamningum og verða því áhrif á framtíðarréttindi engin. Þannig ávinna sjóðfélagar sér hliðstæð réttindi nú fyrir 11% iðgjald og áður fyrir 10%. Til samræmis var stuðull til útreiknings makalífeyris færður úr 1,0 í 0,9.

Samhliða þessum breytingum voru áunnin stig sjóðfélaganna hækkuð um 7% til þess að mæta að stærstum hluta lækkun stuðuls til útreiknings elli- og örorkulífeyris. Því lækkuðu áunnin réttindi um 2,7% en hafa verður í huga að þau voru aukin um 11,8% um mitt ár 1997 þannig að réttindaaukningin frá þeim tíma heldur sér að mestu. Réttindi þeirra sem eru á lífeyri við gildistöku breytinganna héldust óbreytt þ.e. lífeyrir breyttist ekki.

Ellilífeyrir

Stuðull til útreiknings ellilífeyris færðist úr 1,65 í 1,50. Áunnin stig voru hækkuð um 7% þannig að áunnin réttindi til 31.12.2004 lækkuðu um 2,7%.

Sett voru ákvæði í samþykktirnar sem kveða á um að haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur töku ellilífeyris við 67 ára aldur eða síðar skulu stig hans reiknuð á ný við 70 ára aldur og lífeyrir hans endurskoðaður. Ennfremur að hafi sjóðfélagi hafið töku lífeyris fyrir 67 ára aldur skuli endurskoða lífeyri hans á sama hátt við 67 ára aldur og síðan aftur við 70 ára aldur. Áréttað var að réttur sem áunnin er eftir að taka ellilífeyris er hafin taki ekki hækkunum vegna frestunar.

Örorkulífeyrir

Stuðull til útreiknings örorkulífeyris færðist úr 1,65 í 1,50. Sett var inn ákvæði sem tekur til tilvika þar sem iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða hafa verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og það stafar af undanskoti greiðsluskyldu til lífeyrissjóða, skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sett var inn ákvæði um að greiðsla örorkulífeyris hefjist þrem mánuðum eftir orkutap.

Makalífeyrir

Stuðull til útreiknings makalífeyris færðist úr 1,0 í 0,9 til samræmis við lækkun stuðuls til útreiknings elli- og örorkulífeyris. Bætt var við ákvæðið sem fjallar um niðurfall réttar til makalífeyris þegar makinn gengur í hjónaband á ný að slíkt eigi jafnframt við þegar stofnað er til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, eða ef stofnað er til staðfestrar samvistar.

Aðrar breytingar

Felldar voru úr samþykktunum málgreinar 18.3.1 og 18.3.2. sem fjölluðu um heimild til kaupa á réttindum hjá sjóðnum vegna starfa sjóðfélaga eftir 1. janúar 1970 þar sem ákvæðin eru óþörf í samþykktum sjóðsins m.a. með tilkomu séreignardeildar hjá lífeyris-sjóðnum.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins felst í að reikna annars vegar áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að sjóðfélagar greiði áfram í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2004 sýnir að heildarskuldbindingar nema 5,9% umfram eignir og verðmæti framtíðariðgjalda og batnaði heildarstaðan um 0,9% milli ára. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar nema 16,9% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Tryggingafræðileg staða

í milljónum kr.

Heildarstaða	2004	2003
Eignir	293.385	246.288
Skuldbindingar	311.756	264.175
Samtals	-18.371	-17.887
% af skuldbindingum	-5,9%	-6,8%

Áfallin staða	2004	2003
Eignir	153.008	131.001
Skuldbindingar	130.913	113.690
Samtals	22.095	17.311
% af skuldbindingum	16,9%	15,2%

Trúnaðarlæknir

Guðjón Baldursson hefur verið ráðinn trúnaðarlæknir sjóðsins. Guðjón er með sérfræðimenntun í heimilislækningum og krabbameinslækningum og hefur reynslu af gerð örorkumata auk þess að hafa sótt námskeið á því sviði.

Trúnaðarlæknir hefur starfsaðstöðu á skrifstofu sjóðsins og mun skoða og meta þá sem sækja um örorkulífeyri og ennfremur framkvæma endurmat á þeim einstaklingum sem nú þiggja örorkulífeyri.

Meðalævi Íslendinga hefur verið að lengjast umtalsvert á undanförnum áratugum. Þannig hefur ólífud meðalævi 65 ára karla á undanförnum þremur áratugum lengst úr 15 árum í 17,7 ár eða um 18% og meðalævi kvenna lengst úr 17,8 árum í 20,5 ár eða um rúm 15%.

Meðalævilíkur á Íslandi

	Nýfæddir	Við 65 ára aldur
Karlar	78,7 ár	17,7 ár
Konur	82,5 ár	20,5 ár

Í töflunni má sjá að meðalævilengd karlmanns sem hefur töku lífeyris við 65 ára aldur er 17,7 ár. Hins vegar má reikna með að 65 ára gömul kona sem hefur töku lífeyris, lifi að meðaltali tæpum þremur árum lengur eða í 20,5 ár. (Heimild: Hagstofa Íslands).

Nánari sundurliðun tryggingafræðilegrar úttektar miðað við árslok 2004 má sjá í ársskýrslunni á bls. 37.

Séreignardeild

Markmið séreignardeildarinnar er að auka fjölbreytni í samsetningu lífeyrisréttinda og gefa sjóðfélögum kost á að nýta stærðarhagkvæmni lífeyrissjóðsins til þess að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað á hagkvæman hátt. Þannig er rekstrarkostnaður séreignardeildarinnar með því lægsta sem þekktist meðal lífeyrissjóðanna eða einungis 0,08% af eignum.

Ávöxtun

Hrein nafnávöxtun inneigna á séreignarreikningum var 16,3% sem svarar til 12,0% raunávöxtunar. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 4,1%. Séreignardeildin er ávöxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins sem nú eru um 150,7 milljarðar.

Ávöxtun

	2004	2003
Hrein nafnávöxtun	16,3%	15,1%
Hrein raunávöxtun	12,0%	12,0%
5 ára meðalraunávöxtun	4,1%	4,1%
Kostnaður í % af eignum	0,077%	0,079%

Inneignir og fjöldi sjóðfélaga

Ílögjöld til séreignardeildar námu 687 milljónum á árinu 2004 samanborið við 658 milljónir árið áður. Inneignir í árslok námu 2.964 milljónum og hækkuðu um 54% milli ára.

Fjöldi þeirra sem greiddi að meðaltali í hverjum mánuði til séreignardeildarinnar var 14.438 á liðnu ári. Alls áttu 27.218 einstaklingar inneignir í árslok 2004 og fjölgaði þeim um 6,7% milli ára.


Sífelld fleiri eru að gera sér grein fyrir mikilvægi og hagkvæmni viðbótarlífeyrissparnaðar. Frá 1. janúar 2005 féll niður skylda atvinnurekenda til að greiða 1% framlag í séreignarsjóð fyrir þá starfsmenn sem ekki leggja til hliðar í séreign. Því er mikilvægt fyrir þá sjóðfélaga sem ekki eru sjálfir að spara í séreignarsjóð að huga að séreignarsparnaði sínum.

Séreignardeildin

í milljónum kr.


	2004	2003	Breyting %
Ílögjöld	687	658	4
Inneignir í árslok	2.964	1.923	54
Fjöldi greiðenda	14.438	13.954	4
Fjöldi með inneignir	27.218	25.499	7

Meðalfjöldi greiðenda



Ílögjöld í séreignardeild

í milljónum króna



Skattahagræði og viðbótarframlag vinna saman

Launþegar hafa mikinn ávinning af því að greiða 2% eða 4% viðbótariðgjald í séreignarsjóð því raunverulegt framlag er hlutfallslega lítið í samanburði við þá inneign sem þeir eignast í séreignarsjóði.

Í meðfylgjandi töflu má sjá að launþegi með 200.000 kr. mánaðarlaun sem greiðir 2% viðbótariðgjald í séreignarsjóð, leggur í raun til 2.491 kr. til að öðlast 8.000 kr. inneign og því er raunverulegt framlag launþegans aðeins 31% af inneign hans.


Séreignariðgjald launþega af launum

	2%	4%
Iðgjald af 200.000 kr. launum	4.000	8.000
Raunverulegt framlag launþega eftir skatt	2.491	4.982
Hækkun inneignar í séreignarsjóði	8.000	12.000
Raunverulegt framlag í % af inneign	31%	42%

Útborgun lífeyris


Endurgreiðslur úr séreignardeild geta hafist þegar sjóðfélagi er orðinn 60 ára að aldri. Sjóðfélagi getur valið um tvær endurgreiðsluaðferðir eða blöndu þeirra. Annars vegar að fá inneignina greidda á 7 árum, frá 60 til 67 ára. Við 67 ára aldur er hægt að taka inneignina út í einu lagi. Hins vegar að inneigninni verði breytt í verðtryggða mánaðarlega greiðslu til æviloka. Kjósi sjóðfélaginn slíka endurgreiðsluaðferð fellur niður séreignarréttur hans til inneignarinnar sem fellur þá ekki til erfingja við andlát.

Fjöldi með inneignir



Inneignir í séreignardeild

í milljónum króna



Fjárfestingar

Á liðnu ári ráðstafaði sjóðurinn 40.777 milljónum til lánveitinga og verðbréfa kaupa samanborið við 28.062 milljónir árið 2003. Mest var aukning fjárfestinga í skuldabréfum Íbúðalánasjóðs, markaðsbréfum fyrirtækja og í innlendum hlutabréfum. Lánveitingar til sjóðfélaga voru einnig umtalsvert meiri í kjölfar markvissrar kynningar á sjóðfélagalánunum í tengslum við lækkingu vaxta á fasteignatryggðum lánunum og innkomu bankanna á fasteignaveðlánamarkaðinn.

Fjárfestingar

í milljónum kr.

	2004	%	2003	%
Sjóðfélagar	5.551	13,6	3.849	13,7
Háskólinn í Reykjavík	0	0,0	419	1,5
Stofnlánasjóðir	50	0,1	85	0,3
Spariskírteini	0	0,0	246	0,9
Íbúðabréf	4.033	9,9	0	0,0
Húsnæðisbréf	245	0,6	1.343	4,8
Húsbréf	6.796	16,7	4.414	15,7
Bankar og sparisjóðir	2.714	6,7	2.189	7,8
Fjárfestingalánasjóðir	0	0,0	727	2,6
Fyrirtæki	2.915	7,1	765	2,7
Sveitarfélög	0	0,0	221	0,8
Önnur veðskuldabréf	686	1,7	155	0,5
Innlend hlutabréf	7.756	19,0	4.850	17,3
Erlend verðbréf	10.031	24,6	8.799	31,4
Samtals	40.777	100	28.062	100

Fjárfestingarnar taka mið af fjárfestingastefnu sjóðsins, en hún er birt í heild sinni á bls. 20 til 21 í ársskýrslunni. Sjóðurinn er í þeirri stöðu að geta beitt langtíma-markmiðum við ákvörðun um fjárfestingastefnu sína. Sjónarmiðið að hámarka eignir og réttindi sjóðfélaganna er lagt til grundvallar við fjárfestingar og eignastýringu á verðbréfasafninu.


Þróun fjárfestinga

Í meðfylgjandi töflu yfir þróun fjárfestinga á liðnum árum, má sjá að sjóðurinn hefur fjárfest með markvissum hætti í innlendum hlutabréfum og í erlendum verðbréfum í því skini að auka vægi þeirra í safninu. Á síðustu 5 árum nema fjárfestingar í skuldabréfum að meðaltali 53% af fjárfestingum, innlend hlutabréf 19% og erlend verðbréf 28%.


Skipting fjárfestinga

	2004	2003	2002	2001	2000
Skuldabréf	56%	52%	57%	56%	42%
Innlend hlutabréf	19%	17%	24%	14%	24%
Erlend verðbréf	25%	31%	19%	30%	34%

Skipting fjárfestinga 2004



Skipting fjárfestinga



Verðbréfaeign

Verðbréfaeignin nam 144.353 milljónum í árslok 2004 samanborið við 119.199 milljónir í árslok 2003 sem er aukning um 21,1%. Skuldabréf voru 57% af verðbréfaeigninni og innlend hlutabréf og erlend verðbréf samtals 43%. Skuldabréf voru hins vegar 63% og innlend hlutabréf og erlend verðbréf samtals 37% af verðbréfaeigninni í árslok 2003.

Verðbréfaeign

í milljónum kr.

	2004	%	2003	%
Veðskuldabréf sjóðfélaga	20.574	14,2	19.600	16,5
Spariskírteini	1.622	1,1	1.963	1,7
Íbúðalánasjóður	2.244	1,6	3.087	2,6
Íbúðabréf	18.771	13,0	0	0,0
Húsnæðisbréf	1.322	0,9	6.795	5,7
Húsbréf	11.960	8,3	20.493	17,2
Bankar og sparisjóðir	13.207	9,1	12.802	10,7
Fjárfestingalánasjóðir	3.161	2,2	3.378	2,8
Fyrirtæki	6.291	4,4	3.836	3,2
Sveitarfélög	1.112	0,8	1.186	1,0
Eignarleigur	144	0,1	386	0,3
Önnur veðskuldabréf	2.152	1,5	1.704	1,4
Innlend hlutabréf	24.985	17,3	16.009	13,4
Erlend verðbréf	36.808	25,5	27.960	23,5
Samtals	144.353	100	119.199	100


Þróun verðbréfaeignar

Í meðfylgjandi töflu yfir þróun verðbréfaeignar á liðnum árum má sjá minnkandi vægi skuldabréfa í eignasafninu. Hins vegar hefur vægi innlendra hlutabréfa aukist m.a. vegna mikilla verðhækkana á innlendum hlutabréfamarkaði. Vægi erlendu verðbréfa hefur einnig aukist og nam rúmlega fjórðungi af verðbréfaeigninni í árslok 2004.


Skipting verðbréfaeignar

	2004	2003	2002	2001	2000
Skuldabréf	57%	63%	71%	66%	65%
Innlend hlutabréf	17%	13%	13%	11%	12%
Erlend verðbréf	26%	24%	16%	23%	23%

Skipting verðbréfaeignar



Skipting verðbréfaeignar 2004



Innlend hlutabréf

Próun hlutabréfaverðs 2004

Á liðnu ári hækkaði Úrvalsvisitala Kauphallarinnar um tæp 59% frá upphafi til loka ársins. Á fyrstu níu mánuðum 2004 hækkaði vísitalan um 80% en úr því tóku hlutabréf að lækka.

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn einkenndist af miklum ytri vexti margra félaga og lækkandi vöxtum á innlendum og erlendum fjármagnsmörkuðum. Þá styrktist íslenska krónan verulega gagnvart erlendum gjaldmiðlum og þegar árið var gert upp hafði gengisvísitala krónunnar hækkað um 8,4%. Framangreindir þættir höfðu jákvæð áhrif á afkomu flestra fyrirtækja.


Hlutabréfaviðskipti og ávöxtun

Hlutabréfaviðskipti á árinu 2004 námu 18.555 milljónum. Þar af voru keypt hlutabréf fyrir 7.756 milljónir og seld hlutabréf fyrir 10.799 milljónir. Innlend hlutabréfa-kaup á síðasta ári námu 19% af fjárfestingum.

Í árslok 2004 nam hlutabréfaeignin 25,0 milljörðum eða 17,3% af verðbréfaeign samanborið við 16,0 milljarða eða 13,4% af verðbréfaeign í árslok 2003.

Raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar var 72,5% og nafnávöxtun 79,1%, þar af nema arðgreiðslur 1,8%, en til samanburðar hækkaði Úrvalsvisitala aðallista Kauphallarinnar um 58,9% á árinu 2004 og Heildarvísitala aðallista um 52,9%. Innlenda hlutabréfaeignin hefur ávaxtast vel á liðnum árum og sýnir 17,9% árlega raunávöxtun yfir 25 ára tímabil, þ.e. frá 1980 til ársloka 2004.

Nafnávöxtun innlenda hlutabréfasafnsins



Innlend hlutabréfaeign í árslok

	2004	2003
Eign í milljónum kr.	24.985	16.009
Hlutfall af verðbréfaeign	17,3%	13,4%
Raunávöxtun á ári frá 1980	17,9%	14,2%
Fjöldi félaga	19	17

Sjóðurinn hefur að markmiði að sem stærstur hluti hlutabréfaeignarinnar hafi þekkt markaðsverð og sé skráð á markaði og beitir virkri eignastýringu á skráðu hlutabréfin til að leitast við að ná sem bestri ávöxtun til lengri tíma litið, að teknu tilliti til áhættu. Innlend hlutabréfaeign í árslok nam 24.985 milljónum, þar af voru hlutabréf að fjárhæð 24.976 milljónir skráð í Kauphöllinni en óskráð hlutabréf námu einungis 9 milljónum. Nánari sundurliðun á eign sjóðsins í einstökum hlutafélögum má sjá í ársskýrslunni á bls. 34.

Á meðfylgjandi mynd má sjá að ávöxtun sjóðsins á innlendum hlutabréfamarkaði hefur verið sveiflukennd á undanföllum árum en til lengri tíma litið hefur ávöxtunin verið mjög góð.

Í eftirfarandi töflu má sjá ávöxtun lífeyrissjóðsins á innlendum hlutabréfamarkaði frá 1997 – 2004. Uppsöfnuð umframávöxtun sjóðsins samanborið við Úrvalsvisitölu Kauphallar Íslands yfir 8 ára tímabil er 79,6%.

Uppsöfnuð umframávöxtun sjóðsins

Ár	Nafnáv. LV	Hækkun Úrvalsvisit.	Umframávöxtun	Uppsöfnuð umframáv.
1997	32,1%	14,2%	17,9%	17,9%
1998	19,8%	10,5%	9,3%	28,8%
1999	51,9%	46,4%	5,5%	35,9%
2000	-8,8%	-18,7%	9,9%	49,4%
2001	-7,4%	-11,2%	3,8%	55,1%
2002	20,0%	16,7%	3,3%	60,2%
2003	51,1%	56,4%	-5,3%	51,7%
2004	77,3%	58,9%	18,4%	79,6%

Erlend verðbréf

Erlendir hlutabréfamarkaðir

Á liðnu ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 12,8%, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum. Helstu hlutabréfavitölur á vesturlöndum hækkuðu minna á árinu 2004 og þannig hækkaði Dow Jones hlutabréfavisitalan, sem samanstendur af 30 stórum fyrirtækjum í Bandaríkjunum, einungis um rúm 3%. Á sama tíma hækkaði Nasdaq vísitalan í Bandaríkjunum um tæp 9%, en hún samanstendur að stærstum hluta af tæknifyrirtækjum. Evrópskir hlutabréfamarkaðir í heild hækkuðu um rúm 9%. Þá hækkaði Japanski hlutabréfamarkaðurinn um tæp 8%.

Erlend verðbréfa kaup og ávöxtun

Það er langtímastefna sjóðsins að byggja upp erlendu verðbréfaeignina með það að markmiði að auka ávöxtun til lengri tíma samhliða því að ná aukinni áhættudreifingu verðbréfasafnsins.

Erlend verðbréfa kaup á liðnu ári námu 10.031 milljón eða tæpum 25% af fjárfestingum. Erlenda verðbréfaeignin í árslok 2004 nam 36,8 milljörðum eða 25,5% af verðbréfaeigninni samanborið við 28,0 milljörðum eða 23,5% af verðbréfaeigninni í árslok 2003.

Ávöxtun erlendu verðbréfa í dollurum var 13,4% en á móti styrktist íslenska krónan á árinu gagnvart dollar um 14,0%.

Góð langtímaávöxtun erlendis

Ávöxtun í erlendum hlutabréfum hefur sýnt sig að vera sveiflukennd milli ára. Ríflega aldarlöng reynsla af alþjóðlega dreifðum fjárfestingum hefur sýnt að til lengdar litið skila erlend hlutabréf góðri ávöxtun. Þessa staðreynd er mikilvægt að hafa í huga og jafnframt að þeir fjármunir sem sjóðurinn er að ávaxta á erlendum fjármagnsmörkuðum þarf ekki að færa aftur til Íslands til lífeyrisgreiðslna fyrr en að allmörgum áratugum liðnum. Þannig hefur sjóðurinn alla möguleika til þess að selja erlendu fjárfestinguna einhvern tíma í framtíðinni þegar best hentar sjóðfélögunum, bæði með tilliti til stöðu á erlendum fjármagnsmörkuðum og jafnframt með tilliti til stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Nýr vörsluaðili vegna aðgreindra verðbréfasafna

Nokkur tímamót urðu á árinu 2004 þegar tekin var ákvörðun um að ganga til samninga við Brown Brothers Harriman um að taka að sér að verða vörsluaðili erlendra verðbréfa sjóðsins sem liggja í aðgreindum verðbréfasöfnum, þ.e. verðbréfin eru skráð á nafn lífeyrissjóðsins og eru ekki í formi hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum. Með því að gera samning við

vörsluaðila sem heldur utan um verðbréfasöfnin, næst bæði meiri hagkvæmni og aukið öryggi með umsýslu verðbréfa og viðskiptum þeim tengdum. Þannig mun lífeyrissjóðurinn eiga auðveldar með tölfraðiaþuganir á söfnunum auk þess sem öryggi vex samhliða því að hafa ekki á sömu hendi fjárvörsluna og eignausýsluna.

Brown Brothers Harriman hefur verið í alþjóðlegri fjármála starfsemi síðan 1818 og er í einkaeigu 41 eigenda sem taka virkan þátt í rekstrinum. Fyrirtækið er með verðbréf sem nemur 800 milljarða dollara í vörslu og með 16 þjónustuver í heiminum og 2.700 starfsmenn. Fyrirtækið fær vinsamlegar umsagnir frá viðskiptavinum sínum og fékk það í byrjun ársins 2004 viðurkenningu sem besti "Custodian" síðustu áratugi. Síðustu átta ár hafa þeir verið í hópi þriggja bestu í greininni. Væntum við góðs af samstarfinu við Brown Brothers í framtíðinni.

Lífeyrissjóðurinn hefur á undanförunum árum verið með aðgreint safn hjá Schroder Investment Management og á árinu 2004 var lokið við að færa safnið yfir í vörslu hjá Brown Brothers Harriman.


Erlend verðbréfaeign í árslok

	2004	2003
Eign í milljónum kr.	36.808	27.960
Hlutfall af verðbréfaeign	25,5%	23,5%
Fjöldi fjárvörsluaðila	12	8

Nánari sundurliðun á erlendu verðbréfaeigninni í árslok má sjá í ársskýrslunni á bls. 35.

Erlend verðbréfaeign

í milljónum króna



Lán til sjóðfélaga

Á liðnu hausti urðu miklar breytingar á íbúðalánamarkaði þegar fjármálastofnanir hófu að bjóða fasteignatryggð lán á lægri vöxtum en áður. Lífeyrissjóðurinn breytti útlánareglum sínum með því að lækka vexti á lánum með breytilegum vöxtum um 60 punkta, ásamt því að bjóða lán með jöfnum afborgunum eða jafngreiðslulán á 1. veðrétti með föstum vöxtum til 40 ára. Einnig voru lántökuskilyrði rýmkuð og er þannig ekki lengur hámark á lánsfjárhæð en veðsetning má ekki fara umfram 65% af markaðsverði samkvæmt lögum um lífeyrissjóði. Nýju lán sjóðsins voru kynnt með auglýsingum í dagblöðum og hafði það góð áhrif, því nýjar lánveitingar hafa verið vel umfram uppgreiðslur eldri lána vegna endurfjármögnunar. Margir sjóðfélagar hafa einnig haft samband við sjóðinn og lýst ánægju sinni með nýju lánin.

Lánveitingar til sjóðfélaga árið 2004 voru 1.438 samanborið við 1.557 lánveitingar á árinu. Flestir lántakendur eru sem fyrr á aldrinum 30 – 39 ára og um 55% lántakenda eru undir 40 ára aldri.

Fjárhæð lánveitinga til sjóðfélaga nam alls 5.399 milljónum á árinu 2004 en 3.726 milljónum árið 2003 sem er 45% hækkun milli ára. Samhliða því sem lánað var til sjóðfélaga, voru keypt íbúðabréf og önnur skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 11.074 milljónir. Samtals voru því lánveitingar vegna húsnæðisakaupa einstaklinga 16.473 milljónir eða liðlega 40% af fjárfestingum liðins árs.

Afgreidd sjóðfélagalán

í milljónum kr.

	2004	2003	Breyting
Lánað	5.399	3.726	45%
Fjöldi lána	1.438	1.557	-8%
Meðalfjárhæð	3,8	2,4	58%
Hlutfall af fjárfestingum	13,2%	13,3%	

Fjöldi afgreiddra lána eftir aldri

Aldur	2004	2003
16 – 19	4	2
20 – 29	285	361
30 – 39	502	521
40 – 49	364	400
50 – 59	203	195
60 – 69	64	63
70 – 79	16	15
Samtals	1.438	1.557

Útistandandi lán

Útistandandi lán til sjóðfélaga námu 20.574 milljónum í árslok eða um 14% af heildareignum en til samanburðar námu þau 19.600 milljónum eða um 16% af eignum í árslok 2003.

Staða sjóðfélagalána í árslok

í milljónum kr.

	2004	2003	Breyting
Útistandandi lán	20.574	19.600	5%
Fjöldi lána	13.279	15.212	-13%
Meðalfjárhæð í mkr.	1,5	1,3	8%
Hlutfall af eignum	13,7%	15,9%	

Þróun sjóðfélagalána

Á meðfylgjandi súluriti má sjá þróun útistandandi sjóðfélagalána en þau námu í árslok 2004 um 14% af heildareignum. Hlutfall sjóðfélagalána var lægst árið 1999 eða um 11% af heildareignum en frá árinu 2000 hefur hlutfallið aftur farið frekar hækkandi vegna aukinnar eftirspurnar eftir lánnum í kjölfar rýmkunar á lánsrétti og hámarkslánsfjárhæðum.


Vanskil sjóðfélagalána

(meira en 3ja mánaða vanskil)

	2004	2003
Vanskil í milljónum	50,6	51,4
Hlutfall af heildarfjárhæð sjóðf.lána	0,15%	0,26%
Fjöldi lána	393	535
Hlutfall af heildarfjöldi sjóðf.lána	3,0%	3,5%

Á meðfylgjandi töflu má sjá að vanskil sjóðfélagalána í árslok 2004 eru lág eða einungis 0,15% af heildarfjárhæð útistandandi sjóðfélagalána. Lánnum í vanskilum hefur jafnframt fækkað milli ára en í árslok voru 3,0% lána í vanskilum. Sjóðurinn hefur góðar tryggingar fyrir lánveitingunum því sjóðfélagalán eru fasteignaveðtryggð.

Sjóðfélagalán í hlutfalli af heildareignum



Lánareglur

Lánareglur í febrúar 2005

Verðtryggð lán með föstum vöxtum

- Lánað er á 1. veðrétti án fjárhæðartakmarkana. (sjá veðmörk í lántökuskilyrðum)
- Lánstími er 5 til 40 ár að vali lántakanda.
- Fastir 4,15% vextir.
- Val um lán með jöfnum afborgunum eða jafngreiðslulán (Annuitet).
- Lánið er bundið vísitölu neysluverðs.
- Tólf gjalddagar eru á ári.

Verðtryggð lán með breytilegum vöxtum

- Lánað er án fjárhæðartakmarkana. (sjá veðmörk í lántökuskilyrðum)
- Lánstími er 5 til 40 ár að vali lántakanda.
- Vextir eru nú 4,26% og taka breytingum 15. hvers mánaðar. Vextir eru 0,75% hærri en meðalávöxtun í síðasta mánuði á nýjasta flokki íbúðabréfa til 30 ára í viðskiptakerfi Kauphallarinnar.
- Lánið er bundið vísitölu neysluverðs.
- Tólf gjalddagar eru á ári.

Próun sjóðfélagavaxta

Á árinu 2004 lækkuðu sjóðfélagavextir samfara lækkandi vöxtum á markaði og voru þeir að meðaltali 5,0% samanborið við 5,5% árið 2003.


Meðalraunvextir sjóðfélagalána

2004	2003	2002	2001	2000
5,0%	5,5%	6,5%	6,6%	6,2%

Lántökuskilyrði


- Lántaki þarf að hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóðsins í fjóra af síðustu 6 mánuðum.
- Lántakanda ber að leggja fram yfirlit yfir skuldastöðu í lánastofnunum.
- Lánað er gegn veði í fasteign. Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu láni sjóðsins, mega ekki vera umfram 65% af metnu markaðsverði viðkomandi eignar sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili tilnefndur af sjóðnum framkvæmir (heildarveðsetning getur þó aldrei farið umfram 100% af brunabótamati). Kostnaður vegna verðmats greiðist af lántakanda.
- Stimpilgjald er 1,5% af lánsupphæð og þinglýsingargjald 1.350 kr. Lántökugjald 1% er dregið af andvirði lánsins við útborgun.

Fjöldi afgreiddra sjóðfélagalána



Afgreidd sjóðfélagalán

í milljónum króna



Fjárfestingastefna

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi fjárfestingastefnu:

Fjárfestingastefna

Fjárfestingastefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og á samningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og samtaka atvinnurekenda frá 30. desember 1996 um lífeyrismál.

Sjóðurinn er fagfjárfestir sem hefur að höfuðmarkmiði að hámarka eignir og réttindi sjóðfélaganna og skal það sjónarmið lagt til grundvallar við fjárfestingar og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins. Fjármagn sjóðsins skal ávaxtað með hlíðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til varúðarsjónarmiða, áhættu og verðtryggðra langtíma-skuldbindinga sjóðsins.

Lífeyrisbyrði sjóðsins hefur staðið í stað frá árinu 1996 er hún var 30,8% eða sú hin sama og á árinu 2003. Spá um þróun lífeyrisbyrði á þessum áratug bendir til þess að hún vaxi hægfara og verði á bilinu 35% til 37% á árinu 2010. Þessi fjárfestingaþróun með tilliti til réttindaávinnslu í stigakerfi lífeyrissjóðsins mun leiða til þess að áætlað framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyris-skuldbindinga muni nema líðlega 20% af ráðstöfunarfé til nýfjárfestinga á árinu 2010. Ofangreind þróun lífeyrisbyrðinnar og greiðsluflæðis lífeyris gerir sjóðnum kleift að beita langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingastefnu lífeyrissjóðsins. Á næstu þremur árum er gert ráð fyrir að hlutfall skuldabréfa í eignasafni sjóðsins lækki úr 58% í 50% og að hlutfall hlutabréfa vaxi að sama skapi í 50%. Innlend hlutabréf verði 15% til 20% og erlend hlutabréf verði 30% til 35%.

Þar sem eignir séreignardeildar lífeyrissjóðsins eru ávaxtaðar samhliða öðrum eignum hans gilda sömu forsendur um fjárfestingastefnu séreignardeildarinnar og samtryggingardeildarinnar. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar eru óverulegar og munu lítið breytast á þessum áratug.

Viðmið um eignaskiptingu

Við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins skulu eftirfarandi viðmið notuð um skiptingu eigna þannig að eignarhluti í einstökum verðbréfaflokkum geti að hámarki numið:

Skuldabréf ríkissjóðs 45%

Í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, s.s. spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf og skuldabréf íbúðalánasjóðs.

Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga 5%

Í skuldabréfum útgefnum af sveitarfélögum með trausta rekstrar- og fjárhagsstöðu eða með ábyrgð þeirra. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

Skuldabréf banka og annarra fjármálastofna 30%

Í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparisjóðum, eignarleigufyrirtækjum, fjárfestingarbönkum og stofnlánasjóðum atvinnuveganna, enda hafi þessar stofnanir trausta eiginfjárstöðu og starfi samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Verðbréf samkvæmt þessum flokki skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Samkvæmt lögum má heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks ekki fara yfir 50% af hreinni eign sjóðsins.

Skuldabréf fyrirtækja 10%

Í skuldabréfum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu enda séu viðkomandi skuldabréf og hlutabréf félagsins skráð í Kauphöll Íslands.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf 25%

Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, þ.m.t. sjóðfélagalán. Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni frá sjóðnum, mega ekki fara umfram 65% af metnu markaðsverði viðkomandi eignar sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili tilnefndur af sjóðnum framkvæmir (heildarveðsetning getur þó aldrei farið umfram 100% af brunabótamati). Þegar um sérhæft atvinnuhúsnæði er að ræða þá skal hámarkið vera 35% af metnu markaðsvirði.

Innlán og skammtímaverðbréf 5%

Innlán banka og sparisjóða, ríkisvixlar og skammtíma ríkisbréf, bankavixlar og skammtímabréf banka og sparisjóða, aðrir markaðsvixlar (fjárfestingalánasjóðir, sveitarfélög, traust fyrirtæki) og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.

Innlend hlutabréf 20%

Í hlutabréfum fyrirtækja, enda séu bréfin skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. A.m.k. 90% þeirra fjármuna sem bundnir eru í hlutabréfum skulu vera í félögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

Erlend verðbréf 35%

Í erlendum verðbréfum (hlutabréfum, skuldabréfum og hlutdeildarskírteinum) enda séu þau skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Erlend verðbréf námu 24% af heildareignum 30.06.2004. Þar af voru 51% í verðbréfum í US\$, 18% í verðbréfum EUR og 31% í verðbréfum bundnum öðrum myntum.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem sjóðurinn fjárfestir í skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Ekki er sjóðnum heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði.

Afleiðusamningar eru gerðir til að draga úr misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til þess að minnka gjaldeyrisáhættu sjóðsins.

Aðrar helstu viðmiðanir við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu

1. Við það skal miðað að sem stærstur hluti af verðbréfum sjóðsins hafi þekkt markaðsverð og sé skráður í kauphöll og dreift eftir atvinnugreinum.
2. Beita skal virkri eignastýringu á kauphallarskráða verðbréfaflokka, sem nú nema 77% af heildareignum, með það að markmiði að tryggja sem besta ávöxtun til lengri tíma lítið, að teknu tilliti til áhættu.
3. Viðmiðunarvísitala fyrir erlend hlutabréf er heimsvísitala Morgan Stanley. Viðmiðunarvísitala fyrir innlend hlutabréf er Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands.
4. Viðmið um ávöxtun á skuldabréfasafni sjóðsins byggir á áhættuálagi á vaxtaferil ríkistryggðra skuldabréfa. Þannig eru vextir á lánum til sjóðfélaga ákveðnir með 0,75% álagi á meðalávöxtun íbúðabréfa til 30 ára í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Með tilliti til verðtryggðra langtímaskuldbindinga sjóðsins er leitast við að halda líftíma skuldabréfasafnsins löngum, en meðalendurgreiðslutími er nú 9,6 ár.
5. Lánveitingar til sjóðfélaga miðast við að annað sé eftirspurn eftir slíkum lánum samkvæmt lána-reglum eins og þær eru á hverjum tíma.
6. Fjárfestingar sjóðsins skulu miðast við að kröfur útgefnar af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni fari ekki umfram 5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Er þá miðað við samtölu verðbréfa, jafnt hlutabréfa sem skuldabréfa viðkomandi aðila. Þetta hlutfall má þó vera allt að 10% í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þetta á þó ekki við um skuldbindingar með ríkisábyrgð.

Við fjárfestingar í hlutabréfum hefur stjórn sjóðsins markað eftirfarandi fjárfestingastefnu til þess að vinna eftir á hlutabréfamarkaði:

1. Fjárfest er í félögum sem hafa skráð hlutabréf sín í Kauphöll Íslands.
2. Fjárfest er í öðrum hlutafélögum með a.m.k. 5 ára starfsreynslu og hafa samþykktir sem tryggja hömlulaus viðskipti með hlutafé. Þá skulu þau hafa sýnt góða rekstrarafkomu síðustu 2 til 3 ár sem stendur undir arðsemiskröfum sjóðsins.
3. Þátttaka í nýsköpunarverkefnum og áhættufjármögnun fer fram í gegnum félög og sjóði sem hafa slíkar fjárfestingar á stefnuskrá sinni og lífeyrissjóðurinn hefur gerst hluthafi í.
4. Ekki er fjárfest í félögum ef einn aðili á meirihluta hlutafjár. Þessi regla á þó ekki við um einkavæðingu opinberra fyrirtækja, ríkis eða sveitarfélaga þegar fyrir liggja stefnuyfirlýsingar um sölu á meirihluta hlutafjár í þeim félögum, þó slík sala fari ekki fram í einu lagi.
5. Eignarhlutur í einstökum félögum skal ekki vera hærri en 15% af hlutafé viðkomandi félags.

Ársfundur

Ársfundurinn var haldinn 17. maí 2004 á Grand Hótel.

Skýrsla stjórnar

Víglundur Þorsteinsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2003 batnað í ljósi góðrar ávöxtunar en það sem dregur úr batanum eru auknar lífslíkur sjóðfélaganna. Í ljósi hækkandi framtíðarskuldbindinga hefði stjórnin til skoðunar að lækka réttindastuðulinn. Hugsanleg lækkun myndi þó ekki hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur og lífeyrisþegarnir því ekki verða varir við breytingar.

Sagði formaður að ævilengd myndi líklega halda áfram að aukast og því yrði að leita leiða til að leysa framtíðarvanda lífeyriskerfisins. Formaður taldi að ekki væri hægt að mæta framtíðarvandinum með hærra iðgjaldi. 18% iðgjald af launum væri nú þegar hátt hlutfall og í raun of stór þáttur af launasummuni, sem hefði áhrif til lækkunar á kaupmætti nútímans.

Heildareignir lífeyrissjóðanna eru nú um 800 milljarðar og munu aukast. Sífelld erfiðara verður að koma þessum fjármunum í vinnu til að uppfylla markmið lífeyrissjóðanna um 3,5% raunávöxtun til lengri tíma. Ávöxtunarmöguleikar eru takmarkaðir í íslensku hagkerfi og því er útrás fjármagnsins nauðsynleg. Verkefnið við að ávaxta eignir lífeyrissjóðanna verður því sífelld flóknara og víðfeðmara.

Formaður taldi mikilvægt að skoða með opnum huga þær leiðir sem lífeyriskerfið hefði til að geta staðið við loforð um að greiða ævilangan lífeyri. Séreignarsparnaðinn mætti t.d. nýta til lífeyristöku á fyrri hluta lífeyrisaldursins en að sameignarlífeyrinn yrði frekar nýttur á seinni hlutanum. Einnig mætti hugsa sér einhverja aðra skiptingu á 12% sameignariðgjaldinu og 6% séreignariðgjaldinu, en forsenda þess væri að sem flestir myndu spara í séreignarlífeyrissjóð. Þá mætti hugsa sé þrepaskiptan lífeyri eftir lífeyrisaldri, því líklega þyrfti 90 ára lífeyrisþegi almennt eitthvað lægri lífeyri en sá sem er 70 ára.

Að endingu vék formaður að tillögu frá síðasta ársfundi sem vísað var til stjórnar sjóðsins þess efnis að aðildarsamtök sjóðsins taki upp viðræður um breytingar á samþykktum lífeyrissjóðsins sem hafi það að markmiði að tryggja beina þátttöku allra sjóðfélaga í kosningu stjórnar sjóðsins. Sagði formaður að Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefði fulltrúalýðræðisfyrirkomulag við að skipa í stjórn lífeyrissjóðsins og að atvinnurekendur hefðu hver sitt fyrirkomulag varðandi hverjir veljast í stjórn sjóðsins.

Ársreikningur

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi liðins starfsárs. Í máli hans kom m.a. fram að heildareignir námu 123,7 milljörðum í árslok sem er aukning um 21,7 milljarða eða 21,3% frá fyrra ári.

Þriggja ára erfiðleikatímabili á fjármagnsmörkuðum lauk á síðasta ári en þá náðist besti árangur í rekstri sjóðsins frá upphafi. Ávöxtun á árinu 2003 var 15,2% sem samsvarar 12,1% raunávöxtun samanborið við neikvæða 2,7% raunávöxtun á árinu 2002. Hrein ávöxtun var 15,1% sem samsvarar 12,0% raunávöxtun.

Tryggingafræðileg úttekt

